

Bæjarráð Vesturbyggðar
Aðalstræti 75
450 Patreksfjörður

Patreksfjörður 28. október 2024


Samstarfssamningur HHF og Vesturbyggðar

Það er nauðsynlegt fyrir hvert bæjarfélag og hvert svæði að þar sé öflugt og gott íþróttastarf. Á fyrstu mánuðum í starfi svæðisfulltrúa UMFÍ og ÍSÍ á Vestfjörðum hefur farið fram mikil greining á stöðu íþróttamála. Það er augljóst að unnið er frábært íþróttastarf á Vestfjörðum við mjög misjafnar aðstæður. Mikil sóknarfæri eru í að bæta umgjörð íþróttastarfs, því sterk umgjörð skilar árangri. Eitt af verkefnum svæðisfulltrúa var að setja upp aðgerðaráætlun fyrir HHF út frá greiningu á þörfum þeirra og fengum við aðstoð vegna þessarar beiðnar.

Eitt af markmiðum Héraðssambandsins Hrafna-Flóka er að sækja um viðurkenninguna að vera fyrirmyndarhérað ÍSÍ og hefur HHF nú þegar uppfyllt öll skilyrði fyrir utan eitt, það er að gerður sé samningur við sveitarfélagið þar sem gagnkvæm hlutverk eru skilgreind. Mikilvægt er að slíkir samningar séu gerðir svo að enginn misskilningur sé um hlutverk hvors um sig. Íþróttahéraðið þarf að taka tillit til þess hlutverks sem skilgreint er í lögum ÍSÍ. Annað markmiðið er að fara í frekari stefnumótun hjá héraðinu en á svæðinu er engin framtíðarsýn í íþróttamálum. Það er mikilvægt að það sé framtíðarsýn í aðstöðumálum á svæðinu og aðgerðaáætlun liggja fyrir um uppbyggingu og viðhalds íþróttamannvirkja eða íþróttasvæða í samvinnu við héraðssambandið og íþróttafélögin á svæðinu ásamt almennri stefnumótun um hvernig við viljum haga íþróttastarfinu á svæðinu.

Við óskum því eftir að slíkur samningur verði gerður milli Vesturbyggðar og HHF. Í þeim samningi munum við einnig óska eftir beinum fjárstuðningi við héraðið sem við getum mótað í samningaviðræðum um hvert það fjármagn skuli fara eftir þörfum héraðsins og aðildarfélaganna. Skoða þarf sambærilega samninga sem önnur sveitarfélög hafa gert við sitt héraðsamband til viðmiðunar. Við óskum því eftir að fjármagn upp á 2.000.000 verði veittar á komandi fjárhagsári 2025 og gerður verði 4 ára samningur þar sem framlag sveitarfélagsins hækkar um 250.000 kr. á ári. Með þessu er verið að búa til stöðugra umhverfi fyrir börn og ungmenni til íþróttaiðkunar og um leið verið að leggja fjármuni í forvarnarstarf. Eitt það mikilvægasta sem samfélög búa yfir í nútímaheimi er umhverfi þar sem börn hafa tækifæri til að stunda íþrótt- og æskulýðsstarf alla sína grunnskólagöngu.

Með von um góðar undirtektir
Formaður Héraðssambandsins Hrafna-Flóka



Birna Friðbjörg Jónsdóttir